



Húsnefnd Félagsheimilisins Borgar

Fundargerð.

21. fundur húsnefndar Félagsheimilisins Borgar var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg þriðjudaginn, 13. maí 2025 kl. 15:00.

Nefndarmenn

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir formaður, sveitarstjóri

Steinar Sigurjónsson ábyrgðarmaður félagsheimilisins og varamaður í fjarveru Guðmundar Jónssonar

Karl Þorkelsson

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, fulltrúi Ungmennafélagsins Hvatar

Sandra Gunnarsdóttir, fulltrúi Kvenfélags Grímsneshrepps

Einar Bjarnson, yfirmatráður – var fjarverandi

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Fjóla Steindóra Kristinsdóttir.

1. Framtíðarsýn Félagsheimilisins Borgar.

Húsnefnd ræddi framtíðarmöguleika félagsheimilisins Borgar, þar á meðal notkun húsnæðisins, ástand þess og aðra þætti. Samþykkt var að halda hreinsunardag þriðjudaginn 10. júní nk. kl. 14:00 með þátttöku allra aðila sem nýta félagsheimilið: Kvenfélagsins, Leikfélagsins og Hvatar. Einnig lagði nefndin til að settar verði upp nýjar merkingar til að bæta upplýsingagjöf.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 15:32